

Mál nr. S-15/2026

Birt: 23.1.2026

Fjöldi umsagna: 0

Drög að frumvarpi til laga

Innviðaráðuneytið

Samgöngu- og fjarskiptamál

Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga

Málsefni

Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga sem fyrirhugað er að komi í stað laga um vitamál nr. 132/1999

Nánari upplýsingar

Markmið frumvarpsins er að bregðast við ákalli um heildarendurskoðun laga um vitamál nr. 132/1999. Núgildandi lög um vitamál eru talin komin til ára sinna og innihalda ákvæði sem þarfnast uppfærslu. Með frumvarpinu er ætlunin að einfalda rekstur leiðbeiningakerfa siglinga á Íslandi og skýra skiptingu verkefna milli aðila þannig að samhljómur verði á við aðra málaflokka samgangna. Stefnt er að því að regluverk sé einfaldað án þess að dregið sé úr kröfum um öryggi. Þá er stefnt að því að tryggja að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar sínar í málaflokknum.

Nokkuð skortir á að núverandi lög haldist í hendur við breytingar í þjóðfélaginu, sem dæmi má nefna að sjókvíaeldi hefur aukist mikið síðan núverandi lög voru sett. Bent hefur verið á mikilvægi þess að mannvirki séu ekki reist í eða á hafi nema áhættumat siglinga, og þær mildunaraðgerðir sem áhættumatið kveður á um, hafi verið framkvæmt. Í frumvarpinu er kynnt nýtt ákvæði sem fjallar sérstaklega um áhættumat siglinga en kallað hefur verið eftir lagabreytingum til að tryggja lagastoð fyrir því og skýra betur framkvæmd þess. Í ákvæðinu er einnig að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð með nánari ákvæðum áhættumats siglinga.